



1438. fundur bæjarstjórnar verður haldinn í Miðjunni, Dalbraut 4,
þann 25.8.2026 og hefst kl: 17:00

2606-5113

Dagskrá

1. 2601-0744 - Farsældarráð Vesturlands

Mennta- og menningarráð gerir tillögu til bæjarstjórnar um tilnefningu fulltrúa úr ráðinu til setu í farsældarráði Vesturlands.

2. 2605-3704 - Breyting á deiliskipulagi Höfðasels

Lögð fram tillaga að breytingu á deiliskipulagi iðnaðarsvæðis í Höfðaseli á Akranesi. Breytingin felur í sér breytingu á gatnakerfi með tengingu Grjótkelduflóa við Akrafjallsveg ásamt tengingu við skipulagssvæði Æðarodda. Skipulagsmörk deiliskipulagsins breytast ekki og breytingin hefur ekki áhrif á landnotkun, byggingarmagn eða nýtingarhlutfall lóða innan svæðisins. Gert er ráð fyrir að endanleg útfærsla gatnamóta við Akrafjallsveg verði unnin í samráði við Vegagerðina. Skipulags- og umhverfisráð leggur til við bæjarstjórn að auglýsa tillögu að breytingu á deiliskipulagi Höfðasels skv. 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

3. 2605-3703 - Deiliskipulag Æðaroddi

Lögð fram tillaga að breytingu á deiliskipulagi Æðarodda á Akranesi. Breytingin felur í sér breytingu á gatnakerfi og útfærslu tengingar við Akrafjallsveg ásamt lokun núverandi tengingar milli Grjótkelduflóa og Æðarodda. Tillagan er unnin samhliða breytingu á deiliskipulagi iðnaðarsvæðis í Höfðaseli þar sem um er að ræða sömu gatnamót og sömu tengingu við Akrafjallsveg. Gert er ráð fyrir að endanleg útfærsla gatnamóta við Akrafjallsveg verði unnin í samráði við Vegagerðina. Skipulags- og umhverfisráð leggur til við bæjarstjórn að auglýsa tillögu að breytingu á deiliskipulagi Æðarodda skv. 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

4. 2604-3181 - Deiliskipulagsbreyting - Skógarlundur 30, 32 og 34

Á fundi skipulags- og umhverfisráðs 15. maí 2026 var fjallað um fyrirhugaða breytingu á deiliskipulagi Skógahverfis, áfanga 3C, vegna lóða við Skógarlund 30, 32 og 34. Lögð er fram tillaga að breytingu á deiliskipulagi, dags. 12. ágúst 2026. Breytingin felst í að nýtingarhlutfall lóðanna lækkar úr 0,40 í 0,28. Aðrir skilmálar deiliskipulagsins eru óbreyttir. Skipulags- og umhverfisráð samþykkir tillögu að óverulegri breytingu á deiliskipulagi Skógahverfis, áfanga 3C, vegna Skógarlundar 30, 32 og 34, skv. 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Skipulags- og umhverfisráð leggur til við bæjarstjórn að samþykkja breytinguna og að hún verði birt í B-deild Stjórnartíðinda að lokinni málsmeðferð skv. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Allur kostnaður sem hlýst af breytingunni fellur á lóðarhafa.

5. 2605-3848 - Eyrarflöt 13 - Deiliskipulagsbreyting

Lögð er fram umsókn um óverulega breytingu á deiliskipulagi Flatahverfis vegna lóðarinnar að Eyrarflöt 13. Breytingin felst í því að skilgreindur verði byggingarreitur á lóðinni þar sem fyrirhugaðar svalir og breytingar á útistiga falla innan hans. Jafnframt verður skilgreint svæði fyrir skjólvegg, smáhýsi og saunaklefa. Erindið var grenndarkynnt í samræmi við 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2012 fyrir Eyrarflöt 6, 9 og 11. Engar athugasemdir bárust. Skipulags- og umhverfisráð leggur til við bæjarstjórn að grenndarkynning sem gerð var skv. 43. gr. 2. mgr.

skipulagslaga nr 123/2010 verði samþykkt og send á Skipulagsstofnun og í B-deild stjórnartíðinda. Allur kostnaður sem hlýst af breytingunni fellur á lóðarhafa.

6. 2606-4941 - 3627. fundur bæjarráðs

3627. fundargerð bæjarráðs frá 18. júní 2026.

7. 2606-5102 - 3628. fundur bæjarráðs

3628. fundargerð bæjarráðs frá 2. júlí 2026.

8. 2607-5529 - 3629. fundur bæjarráðs

3629. fundargerð bæjarráðs frá 29. júlí 2026.

9. 2608-5620 - 3630. fundur bæjarráðs

3630. fundargerð bæjarráðs frá 13. ágúst 2026.

10. 2606-4836 - 1. fundur mennta- og menningarráðs

1. fundur mennta- og menningarráðs frá 16. júní 2026.

11. 2607-5384 - 2. fundur mennta- og menningarráðs

2. fundargerð mennta- og menningarráðs frá 4. ágúst 2026.

12. 2608-5725 - 3. fundur mennta- og menningarráðs

3. fundargerð mennta- og menningarráðs frá 18. ágúst 2026.

13. 2605-4200 - 356. fundur skipulags- og umhverfisráðs

356. fundargerð skipulags- og umhverfisráðs frá 15. júní 2026

14. 2606-4621 - 357. fundur skipulags- og umhverfisráðs

357. fundargerð skipulags- og umhverfisráðs þann 30. júní 2026.

15. 2606-5373 - 358. fundur skipulags- og umhverfisráðs

358. fundargerð skipulags- og umhverfisráðs þann 6. júlí 2026.

16. 2607-5411 - 359. fundur skipulags- og umhverfisráðs

359. fundargerð skipulags- og umhverfisráðs frá 17. ágúst 2026.

17. 2605-4000 - 269. fundur velferðar- og mannréttindaráðs

269. fundargerð velferðar- og mannréttindaráðs frá 23. júní 2026.

18. 2606-4965 - 270. fundur velferðar- og mannréttindaráðs

270. fundargerð velferðar- og mannréttindaráðs frá 18. ágúst 2026.

Akranesi, 25. ágúst 2026
Ragnar B. Sæmundsson

